

FÍLD

Ársskýrsla FÍLD starfsárið 2024

Stjórn FÍLD: Formaður: Lilja Björk Haraldsdóttir. Gjaldkeri: Hildur Ólafsdóttir. Ritari: Guðrún Óskarsdóttir. Meðstjórnandi: Rósa Ómarsdóttir. Meðstjórnandi: Margrét Bjarnadóttir. Varamaður: Irma Gunnarsdóttir. Varamaður: Sigurður Andrean Sigurgeirsson.

FÍLD á fulltrúa í eftirtöldum stofnunum/bandalögum:

- **Bandalag Íslenskra Listamanna:** Lilja Björk Haraldsdóttir.
- **SAFAS – Samráðsvettvangur fagfélaga í sviðslistum:** Lilja Björk Haraldsdóttir.
- **SSÍ - Sviðslistasamband Íslands:** ?? Varamaður: Lilja Björk Haraldsdóttir
- **Gríman - Íslensku Sviðslistaverðlaunin:** Einn aðalfulltrúi og einn varafulltrúi í Grímunefnd.
- **Fulltrúaráð Listahátíðar í Reykjavík:** Margrét Bjarnadóttir. Varamaður: Ólöf Ingólfisdóttir.
- **Bakland Listaháskóla Íslands:** Sandra Ómarsdóttir er fulltrúi FÍLD í baklandinu.
- FÍLD er jafnframt hagsmunaaðili að **Sviðslistamiðstöð Íslands**.

Fulltrúar í Listdansráði Íslenska dansflokksins skipaðir af SAFAS

Aðalfulltrúar: Ólöf Ingólfisdóttir og Guðmundur Helgason. Varafulltrúar: Katrín Johnson og Ólafur Darri Ólafsson. Ólafur Darri steig til hliðar haustið 2024 þegar Lovísa tók við sem sitjandi listrænn stjórnandi flokksins. Karl Ágúst Þorbergsson er nú kominn í hans stað. Formaður listdansráðs, skipaður af menningarmálaráðherra: Sigríður Soffía Nielsdóttir aðalmaður og Jóhanna S. Jafetsdóttir varamaður. Jóhanna tók við formennsku haustið 2022 þegar Sigríður Soffía óskaði að stíga til hliðar. Irma Gunnarsdóttir er nú varamaður fyrir Jóhönnu.

Aðalfundur FÍLD var haldinn 4.febrúar 2024

Stjórnarkjör: Fráfarandi stjórnarmeðlimir voru Guðmundur Helgason gjaldkeri, Hildur Ólafsdóttir meðstjórnandi og Sigurður Andrean Sigurðsson varamaður. Hildur Ólafsdóttir var kosin sem gjaldkeri, Rósa Ómarsdóttir sem meðstjórnandi og Sigurður Andrean Sigurðsson sem varamaður.

Fundir og helstu viðburðir á árinu

Stjórnarfundir voru haldnir mánaðarlega og gekk stjórnarsamstarfið vel. Ýmis verkefni voru á borði stjórnar og skipti stjórn með sér verkum er kom að skipulagningu viðburða og verkefna en sú vinna fór að miklu leyti fram á milli stjórnarfunda. Helstu viðburðir á árinu voru:

- Deilum reynslu - danskennarar í grunnskólum 29. janúar
- Dagur listdanskólanna 27.mars
- Hátíðarsýning listdanskólanna á Barnameningarhátíð 23. apríl
- Árshátíð dansara 31. maí
- Deilum reynslu - danskennarar í grunnskólum 7. okt
- Meeting point 31. okt

Formaður sótti einnig námskeiðið *Arkivert* á vegum Danseinformasjónen í Noregi í Osló í nóvember. Námskeiðið miðaði að því að kynna aðferðir varðveislu fyrir danslistafólki, hvernig á að varðveita eigin vinnu, möguleikar, tæki og annað. Námskeiðið var 3 dagar og fékk FÍLD styrk frá Dansverkstæðinu til þess að senda formann út.

Besta sviðsmyndin - Baráttufundur sviðslista var haldinn í Tjarnarbíó í aðdraganda kosninga þann 10. nóvember 2024. Að fundinum stóðu öll fagfélög SAFAS ásamt Tjarnarbíói og var fundurinn opinn öllum, bæði meðlimum fagfélaga sem og áhugafólks um stöðu sviðslista á Íslandi.

Friðrik Friðriksson fór með erindi fyrir hönd Sviðslistamiðstöðvar, og eftir það ræddu fulltrúar helstu stjórnsmálaflokka landsins menningarstefnu sinna flokka og hvernig þau sáu fyrir sér framtíð sviðslista á Íslandi. Fundarstjóri var Sigríður Ásta Olgeirsdóttir.

Frambjóðendur eftirfarandi flokka mættu: Sjálfstæðisflokkur, Píratar, Samfylkingin, Viðreisn, MIðflokkurinn, Framsókn, Sósíalístaflokkurinn, Vinstri græn og Flokkur fólksins

FÍLD opnaði instagram reikning á árinu - öll að fylgja okkur þar #fild_felagislenskralistamanna

FÍLD á vettvangi BÍL

Formaður FÍLD sækir mánaðarlega stjórnarfundum BÍL. Erling Jóhannesson forseti BÍL gaf ekki kost á sér áfram í fyrra en var Jóna Hlíf Halldórsdóttir myndlistarkona kosin sem forseti á aðalfundi félagsins. Félag klassískra söngvara fékk einnig inngöngu í BÍL á aðalfundi. Meðal málefna á borðum BÍL á árinu voru m.a starfslaun listamanna og breyting á lögum um starfslaun sem snérist um aukningu flokka - vegsemd fyrir 65 ára og eldri og kvikmyndahöfunda, stuðningur við stofnun Þjóðaróperu, aðkoma að opinberri umræðu og stefnumótun er varða opinberar stefnur í listum, mál tónlistarskóla í Reykjavík, hvatning til fjölmiðla að auka menningarumfjöllun, vinnustofur listamanna, baráttufundur í aðdraganda kosninga og margt fleira.

Árlega er haldinn samráðsfundur með borgarstjóra í Höfða í nóvember/desember. Í ár var mikilvægt að allir fulltrúar listgreinanna mættu þar sem nýr borgarstjóri hefur tekið við. Fundurinn gekk vel og náðu dansarar að koma sínum málefnum á framfæri. Lilja á inni fund með borgarstjóra í kjölfarið sem ýtt verður eftir að verði núna á vormánuðum.

BÍL vinnur mjög yfirgripsmikið starf f.h. allra listamanna og listgreina, þar sem heildarhagsmunir listanna eru í forgrunni. Mikilvægt er fyrir danslistamenn að eiga sér talsmann á vettvangi BÍL en þar á dansinn tvo fulltrúa, formann FÍLD og formann DFÍ.

FÍLD á vettvangi SSÍ og SAFAS

Fundarseta formanns var töluverð á árinu en með tilkomu SAFAS og verkaskiptingar á milli SSÍ og SAFAS eru fundir orðnir fleiri en áður var. Formaður Lilja Björk tók við sem forseti SSÍ á framhaldsaðalfundi í apríl. Irma Gunnarsdóttir fyrrverandi formaður er aðalfulltrúi FÍLD í SSÍ en Lilja tók við af henni eftir aðalfund. Málefni SSÍ snúa að miklu leyti að Grímuni og öllu sem viðkemur fyrirkomulagi á íslensku sviðslistaverðlaununum en til stendur að fara í stefnumótun sambandsins, skýra hlutverk þess, þörf og vettvang. SSÍ er einnig í samstarfi við Sviðslistamiðstöð um málþing um sviðslistir sem haldið verður á vormánuðum. Sambandið vekur einnig athygli á alþjóðlegum degi leiklistar sem haldinn er 27.mars ár hvert. Auk þess að þýða erlent ávarp sem gefið er út af alþjóða leikhúsmálastofnun UNESCO í tilefni dagsins er einnig fenginn íslenskur sviðslistamaður til að semja ávarp í tilefni dagsins.

Á vettvangi SAFAS voru kjaramál sviðslistafólks mikið til umræðu á árinu, niðurskurðarkrafa á helstu sviðslista stofnanir landsins, málefni Sviðslistasambands Íslands og margt fleira.

Mótun sviðslistastefnu fyrir Menningar- og viðskiptaráðuneytið

Vinnuhópur um mótun sviðslistastefnu fyrir Menningar- og viðskiptaráðuneytið tók til starfa 9. október 2023 og fundaði hópurinn vikulega síðan fram á haust 2024. Verkefnið var skiljanlega umfangsmikið en nú liggja fyrir drög að stefnu sem tilbúin var fyrir samráðsgátt þegar ríkisstjórnin splundraðist og efnt var til nýrra kosninga. Drögin liggja nú hjá nýjum menningar-, nýsköpunar-, og háskólaráðherra Loga Einarssyni. Formaður Lilja Björk á fund með ráðherra ásamt forseta BÍL miðvikudaginn 5. febrúar þar sem m.a verður fjallað um stefnuna og ítrekað að mikilvægt sé að koma henni áfram.

Dagur Listdanskólanna

Félag íslenskra listdansara stofnaði til dags listdanskólanna í tengslum við afmælisdag FÍLD. Með deginum vill FÍLD auka sýnileika á mikilvægi listdanskólanna og það frábæra uppeldisstarf sem skólarnir gegna í samfélaginu. Í ár var dagurinn haldinn í þriðja skipti og tókst vel til þar sem skólar birtu myndir og vídeó á sínu instagrammi og merktu við Dag listdanskólanna, sá Hildur Ólafsdóttir um að deila áfram á okkar reikning en best væri þó ef það eru tveir aðilar sem sjá um þetta saman. Áætlað er að halda áfram í ár og verður skólum boðin þátttaka bráðlega. Dagurinn mun án efa varpa ljósi á það frábæra starf sem fram fer í listdanskólum landsins en það er mjög þarft að auka sýnileika og vekja athygli á gildum listdans menntunar og starfsemi listdanskólanna. Í landinu eru starfræktir 10 einkareknir listdanskólar en auk þeirra hafa sjálfstætt starfandi danslistamenn og ýmis dansstudio staðið fyrir fjölbreyttu námskeiðahaldi í gegnum árin.

Samstarfsverkefni Dansverkstæðisins og FÍLD

Samstarf FÍLD og Dansverkstæðisins hélt áfram á árinu þar sem fókusinn var á sjálfstæðu senuna. Við höldum áfram með meeting point milli danshöfunda og sjálfstætt starfandi dansara þar sem markmiðið var að danshöfundar kynntu sínar aðferðir og að dansarar fengu tækifæri til þess að kynna sig. Það mætti kalla þetta opnar prufur sjálfstæða geirans. Þeir danshöfundar sem tóku þátt að þessu sinni voru Saga Sigurðardóttir og kenndi morguntíma og heppnaðist dagurinn mjög vel þar sem um 20 dansarar tóku þátt. Þátttakendur fengu hádegismat innifalið í námskeiðinu. Markmiðið er að halda helst tvö meeting point á ári með mismunandi danshöfundum hverju sinni ásamt því að finna leiðir að frekari samstarfi.

FÍLD og Dansverkstæðið stóð einnig saman að endurvakningu árshátíð dansara sem verður viðhaldið í ár og vonandi komandi ár.

DANSSTEFNA 22/32

Dansstefnan var gefin út árið 2022. Dansstefnan er leiðarljós í vinnu FÍLD næstu árin en hugmyndin er að stefnan geti nýst stjórn í opinberum viðræðum og hagsmunabaráttu við hið opinbera. Stjórn ákvað einnig að velja sér þrjú meginmarkmið úr stefnunni til þess að vinna að á hverju ári og árið 24/25 héldum við áfram með: **skólamálin, sjálfstæða senan og sýnileiki dansins**. Stefnan hefur nú þegar nýst sem innlegg í opinbera stefnu um sviðslistir en allir hagsmunaaðilar sviðslista hafa fengið DANSSTEFNU 22/32 senda auk þess sem stefnan hefur verið send á menningar- og viðskiptamálaráðuneytið, mennta- og barnamálaráðuneytið, háskóla- iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið og til allra aðila hjá Reykjavíkurborg sem hafa með málefni sviðslista og listnám að gera.

Hátíðarsýning listdansskólanna á Barnamenningarhátíð

Félag íslenskra listdansara stendur árlega fyrir hátíðarsýningu listdansskólanna í samstarfi við Barnamenningarhátíð Reykjavíkur. Hátíðarsýningin fór fram í Eldborgarsal Hörpu þriðjudaginn 23. apríl. Um 150 nemendur frá 8 listdansskólum tóku þátt í sýningunni og tókst sýningin mjög vel. Stjórnendur Barnamenningarhátíðar eru mjög stoltir af þessum dansviðburði og þykir sýningin mikil lyftistöng fyrir nemendur listdansskólanna, aðstandendur og áhugafólk um dans og barnamenningu.

Fréttir af bókinni um íslenskan listdans

Bókin um Listdans á Íslandi eftir Ingibjörgu Björnsdóttur kom út í haust við mikinn fögnuð danssamfélagsins. Bókin er gefin út af Hinu íslenska bókmenntafélagi og var tilnefnd til íslensku bókmenntaverðlaunanna. Við óskum Ingibjörgu innilega til hamingju með árangurinn og tilnefninguna! FÍLD hélt ásamt Íslenska dansflokknunum veislu til heiðurs bókinni og Ingibjörgu á afmælisdegi Ingibjargar þann 12. desember 2024 í Listasafni Reykjavíkur. Sendur var út boðslisti vegna fjöldatakmarkana safnsins en vel var mætt og fékk Ingibjörg blóm, ræður, afmælissöng og viðurkenningu á viðburðinum.

Bókina er hægt að fá hjá Hinu íslenska bókmenntafélagi, Penninn/Eymundsson og Forlaginu á Granda en eintak verður einnig til á bókasafni FÍLD á Dansverkstæðinu.

Óstytt útgáfa af bókinni verður prentuð út í ritgerðarformi sem heimildarrit fyrir dansstofnanir og skóla. Ingibjörg er búin að vinna mjög yfirgripsmikla heimildarvinnu, til að glata ekki niður öllum þeim sögulegu staðreyndum sem óstytt útgáfa geymir ákvað hún að varðveita allan texta sem skrifaður hefur

verið. Óstytt heimildarútgáfan verður bundin inn á látlausan hátt á næstunni, án myndefna í örfáum eintökum og mun FÍLD fá að varðveita eitt eintak.

SOLO – undankeppni PRIX DU NORD

FÍLD tók ákvörðun í samstarfi við skólana um að draga sig úr skipulagningu sólókeppninnar á síðasta ári. Keppnin fór því fram án aðkomu FÍLD og voru það Listdansskóli Íslands og Klassíski Listdanskólinn sem stóðu að keppninni. Stjórn FÍLD hafði lengi haft það til umræðu um að skipulag keppninnar ætti að fara aftur til skólanna, enda ekki endilega innan ramma fagfélags að halda keppni á framhaldsskólastigi. Framkvæmdin tókst vel að mörgu leyti og var leitað til stjórnar Prix du Nord fyrir ráðgjöf og annað. Allt bendir til þess að skólarnir haldi áfram að koma sér saman um skipulagningu keppninnar en FÍLD er tilbúið til þess að aðstoða sé þess óskað.

Staða grunnnáms í listdansi

FÍLD hefur lengi kallað eftir lagamma og auknu fjármagni með grunnnámi í listdansi. Ráðuneytið hefur verið í litlu sambandi við skólana hvað varðar grunnnámið og svo virðist sem að það sé enginn sem sér sérstaklega um þessi mál hjá þeim. Skólarnir eru enn ekki með neina samninga fyrir grunnnámið en hægt er að sækja um styrk einu sinni á ári. Í lok maí var styrkurinn auglýstur með umsóknarfrest til og með 19. júní eftir margar ítrekanir. Styrkupp hæðin hækkaði frá 14,6 m.kr. í 25,3 m. kr. en óvissa er ár hvert hve hár styrkurinn verður og hvenær hann er greiddur út. Styrkurinn 2024 var greiddur í ágúst fyrir skólaárið 2023 - 2024. Vinnan við að koma á regluramma og öruggu fjármagni í kringum námið heldur áfram. Næsta skref hjá FÍLD og skólunum er að hefja viðræður við Samband íslenskra sveitarfélaga því það þarf að komast á samningur milli ríkis og sveitarfélaganna til þess að hægt sé að halda áfram.

Það er mikil þörf á heilsteyptri og opinberri skólastefnu frá yfirvöldum er kemur að listdansnámi. Grunnám skv. aðalnámskrá listdanskóla er einungis brotabrot af því dansnámi sem fram fer í landinu og því ekki rétt að líta einungis til þess hluta listdansnáms. Til að framfylgja DANSSTEFNU 22/32 í menntamálum dansins þarf að koma til samtals og samstarfs á milli ríkis og sveitarfélaga með það að markmiði að styðja heildrænt við starfsemi listdanskóla í landinu og efla uppbyggingu á skólaumhverfi dansins. Markmið í ár er einnig að virkja betur samtal og samstarf listdanskólanna um uppbyggingu á

skólaumhverfi dansins. Það er hægt í gegnum okkar sameiginlega fagvettvang FÍLD og hvetur formaður FÍLD listdanskólana og skólastjórnendur til meira samstarfs í framtíðinni.

Framhaldsskólastig í listdansi

Samningar vegna framhaldsnáms í listdansi rann út 31. ágúst 2023, skólaárið 2023 - 2024 voru gerðir viðaukar til 30. júní. Í framhaldi af því var gerður eins árs samningur. Augljóst er að þessi vinnubrögð bjóða hvorki upp á stöðugleika né öryggi skólanna. FÍLD stefnir að því, í samráði við skólana, að taka á málinu og reyna að finna framtíðarlausn fyrir framhaldsskólastig í listdansi.

Nýstúdent af listdansbraut MH fékk viðurkenningu frá FÍLD fyrir framúrskarandi námsárangur í listdansgreinum

Síðastliðið vor fór fram útskrift frá MH að venju. Fjöldmörg fagfélög veita nýstúdentum bókarverðlaun og viðurkenningar fyrir námsárangur á stúdentsprófi og hefur FÍLD veitt slík verðlaun undanfarin ár. Það var *Pórunn Birna Benediktsdóttir* nýstúdent af listdansbraut MH sem hlaut viðurkenningu FÍLD í ár. Fékk hún ævisögu Helga Tómassonar að gjöf fyrir framúrskarandi námsárangur í listdansgreinum og heillaóskir frá félaginu.

Spennandi tímar framundan

Mikið hefur gerst á liðnu ári og fögnum við sérstaklega útgáfu bókarinnar um Listdans á Íslandi, tímamótaverk í sögu listdans á Íslandi. Drög að opinberri sviðslistastefnu voru tilbúin í haust og nú er bara að yta á eftir því að hún verði lögð fram sem þingsályktunartillaga. FÍLD í samstarfi við danssamfélagið og hagsmunaaðila sviðslista í landinu getur haft mikil áhrif og tekið þátt í mótun á framtíðaráformum er varða starfsumhverfi danslistafólks. Við hlökkum til framhaldsins og teljum framtíð dans á Íslandi vera bjarta!

Áfram íslenskur listdans!

Dags 02.02 2025

f.h. stjórnar

Lilja Björk Haraldsdóttir

formaður FÍLD